105. aðalfundur Fáks

Félagsheimilinu 21. apríl 2026 kl. 20.00

1. Kosning starfsmanna

Hlíf Sturludóttir formaður Fáks setti fundinn.

Formaður tilnefndi því næst Gunnar Sturluson fundarstjóra. Fundurinn samþykkti með lófaklappi. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og tilnefndi Hildu Karen Garðarsdóttur fundarritara og samþykkti fundurinn það sömuleiðis með lófaklappi.

Fundarstjóri fór yfir lögmæti fundarins og skýrði frá því að til hans hefði verið boðað löglega með auglýsingu á vef félagsins þann 16. mars 2026.

Fundarmenn gerðu engar athugasemdir við boðun fundarins. Samkvæmt lögum Fáks, skal boða til aðalfundar með minnst tveggja vikna fyrirvara. 38 félagsmenn sóttu fundinn en til að aðalfundur teljist lögmætur þurfa minnst 30 félagar að sitja hann.

2. Skýrsla stjórnar

Formaður fór með skýrslu stjórnar.

Síðasta starfsár var viðburðarríkt hjá stjórn Fáks. Það hófst með ritun bréfs til starfshóps á vegum Reykjavíkurborgar um forgangsröðun íþróttamannvirkja. Vinnu þessa starfshóps átti að vera lokið í ágúst en núna rúmlega hálfu ári síðar er starfshópurinn enn að störfum og hefur ekki lagt fram niðurstöðu vinnu sinnar. Samkvæmt nýjustu upplýsingum verður engin niðurstaða fyrr en eftir kosningar. Því er ekki enn vitað hvar Fákur er í forgangsröðuninni með þau verkefni sem lögð voru fyrir nefndina, en þau voru eftirfarandi: reiðvegafé, kennslureiðskemma í Víðidal, reiðskemma í Almannadal, viðhald og endurbætur félagshesthúss, lóðarleigusamningar, yfirbyggður keppnisvöllur og framtíðarsýn fyrir Víðidalssvæðið.

Í vor var haldin vinnustofa með Áslaugu Örnu Sigurbjörnsdóttur um hvað væri hægt að bæta í starfi félagsins og söfnuðust margar góðar hugmyndir í sarpinn sem við höfum verið að vinna úr. Umræða var einng um hvað væri góður Fáksandi og niðurstaðan var að hann ætti að vera hvetjandi, jákvæður og skemmtilegur. Fáksandinn hefur líka smátt og smátt batnað eftir því sem liðið hefur á starfsárið og jákvæðni félagsmanna aukist.

Í júní var haldið stærsta Reykjavíkurmeistaramót sem nokkurn tíma hefur verið haldið og sett var heimsmet í skráningum á mótið. Formaður hafði bókað sig í hestaferð á þessum tíma með löngum fyrirvara, og fékk því Willum Þór Þórsson, forseta ÍSÍ til að veita verðlaun á mótinu. Reyndist þetta gæfurík ákvörðun þar sem góður vinskapur tókst á með Lindu Björk Gunnlaugsdóttur formanni LH og Willum og er Willum því kominn vel inn í heim hestaíþróttarinnar og hefur veitt verðlaun á öllum helstu stórmótum síðan. Hestaíþróttin er því komin rækilega á blað hjá ÍSÍ eftir árið.

Skipulagsmál hafa verið stór þáttur af störfum stjórnar á árinu. Fákur skrifaði athugasemd við skipulagslýsingu Heiðmerkur ásamt hinum hestamannafélögunum á höfuðborgarsvæðinu, sem leiddi til þess að hestamenn eru eini útivistarhópurinn sem sérstaklega er tilgreindur í samantekt um athugasemdir við skipulagslýsinguna. Einnig voru skrifaðar athugasemdir við deiliskipulagstillögur um tvöföldun Suðurlandsvegar og sjónarmiðum hestamanna í Fáki varðandi breikkun Breiðholtsbrautar, sem er ekki enn komin á hönnunarstig, hefur sömuleiðis verið komið á framfæri. Við Fáksmenn höfum

aðstoðað vini okkar í nágrannahestamannafélögunum en skrifaðar voru umsagnir til að styðja við bæði Sprett og Hörð varðandi skipulagsmál sem hafa áhrif á þeirra félagssvæði.

Það er ljóst að það er von á miklum framkvæmdum á næstu árum í okkar nánasta umhverfi. Fyrir utan tvöföldun Suðurlandsvegar sem nú er í deiliskipulagsferli, verður unnið að endurnýjun stofnæðar hitaveitu sem liggur með Breiðholtsbraut og alla leið upp í hitaveitutankana á Hólmsheiði. Einnig verða kaldavatnslagnir sem liggja um félagssvæði félagsins endurnýjaðar. Það er því von á röskun reiðleiða vegna framkvæmda á næstu árum. Því er mikilvægt að vinna vel að undirbúningi þessara framkvæmda og hafa verið haldnir undirbúningsfundir með Veitum vegna þessa.

Í lok sumars skrifaði stjórn félagsins bréf til borgarráðs um eftirlit byggingarfulltrúa og byggingarleyfisveitingar í Almannadal. Mikið er um búsetu í hverfinu og hesthús innréttuð annað hvort sem íbúðarhús, verkstæði, geymslur, lagerar eða annað. Í ræðu formanns í fyrra kom fram að mikil tækifæri leyndust í að byggja hverfið upp sem hesthúsahverfi og stend ég við þau orð. Hvorki Fákur né Reykjavíkurborg hafa samþykkt búsetu fólks í hverfinu, né nokkuð annað og hefur stjórn félagsins beitt sér gegn þessari búsetu innan Reykjavíkurborgar. Þó ekki sé enn farinn að sjást árangur af þeirri vinnu má segja að það sé að minnsta kosti búið að koma þeim skilaboðum rækilega til skila til Reykjavíkurborgar að við þetta verði ekki unað. Við munum beita fyrir okkur lóðaleigusamningum í þessu verkefni og í skoðun er að rifta lóðaleigusamningum þeirra húsa sem ekki eru nýtt sem hesthús. Á aðalskipulagi borgarinnar er svæðið skilgreint sem íþróttasvæði og er deiliskipulagt sem hesthúsabyggð. Engin önnur starfsemi á að vera á svæðinu og svæðið er ekki hugsað eða deiliskipulagt til búsetu.

Á haustmánuðum hófst vinna við umsókn félagsins að því að verða fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Ættu félagsmenn að hafa orðið þess varir þar sem búið er að setja hinar ýmsu stefnur og reglur sem eru skilyrði fyrir því að félagið geti talist fyrirmyndarfélag. Þetta er mikilvægur áfangi því þeir aðilar sem veita félaginu styrki gera ýmsar kröfur á félagið í staðinn og á þá umgjörð sem er á starfsemi þess. Að verða fyrirmyndarfélag er gæðastimpill frá ÍSÍ. Við settum okkur það markmið að geta tekið við viðurkenningu ÍSÍ á Reykjavíkurmeistaramóti núna í júní. Vinnustofa um stefnumótun félagsins var síðasti hlekkurinn á því verkefni. Í kjölfar þessa fundar verða lög félagsins send til staðfestingar ÍSÍ og ÍBR. Hafin er vinna við uppsetningu handbókarinnar og þegar hún er tilbúin getum við sent hana inn til ÍSÍ. Við stefnum á að markmið okkar um að geta tekið við viðurkenningu frá ÍSÍ á Reykjavíkurmeistaramóti félagsins í júní næstkomandi standist.

Í haust voru haldnar tvær glæsilegar uppskeruhátiðir, fyrst fyrir ungmenni og fullorðna og síðar fyrir polla, börn og unglinga. Tókust þessar uppskeruhátíðir sérstaklega vel. Stofnaður var afreks- og hvatningarsjóður Fáks, þar sem 10% af hagnaði félagsins er lagt í sjóðinn. Sú forsenda er því fyrir því að til verði fjármagn í sjóðinn, er að félagið sé rekið með hagnaði. Rétt fyrir byrjun þorra var haldið glæsilegt og vel heppnað þorrablót og komust færri að en vildu. Hefðbundin karla- og konukvöld voru haldin sem einnig tókust vel. Dagur reiðmennskunnar og stórsýning Fáks voru haldin núna í mars, þar sem Hólanemar kynntu þjálfunarstigann og félagsmenn komu fram og sýndu hestakost sinn og skrautreiðir. Tókst þessi dagur einstaklega vel. Á árinu var hleypt nýju lífi í félagsreiðtúra og hefur þátttaka í þeim verið góð. Það hefur því verið líflegt yfir félagslífi félagsins á árinu. Þess ber að minnast að allt félagsstarf félagsins byggist upp á óeigingjörnu sjálfboðaliðastarfi. Færum við þeim kærar þakkir sem hafa lagt félaginu lið með vinnuframlagi sínu við sjálfboðaliðastörf.

Í haust fengum við góða heimsókn frá borgarfulltrúum Framsóknarflokksins, þar sem við kynntum fyrir þeim félagið, þær áskoranir sem við erum að takast á við og þau tækifæri sem við sjáum í framtíðinni. Í framhaldi af þessari heimsókn lagði Framsóknarflokkurinn fram tillögu í borgarstjórn um stefnumörkun fyrir hestamennsku í borginni. Þessi tillaga þeirra var samþykkt og liggur nú á borði sviðstjóra menningar- og íþróttasviðs hjá Reykjavíkurborg. Eftir kosningar mun stjórn setja þrýsting á að þessi

stefnumörkunarvinna borgarinnar verði hafin. Við höfum einnig fengið góðar heimsóknir frá frambjóðendum Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Samfylkingar og svo eigum við von á Viðreisn.

Stjórn félagsins setur ýmsar reglur til að auðvelda samlífið hér á svæðinu. Þetta eru t.d. reglur um viðrunarhólf, hestakerrur á svæðinu, umferðarreglur, reglur um lausagöngu hunda o.s.frv. Þótt flestir virði þær reglur sem settar eru, eru þó nokkrir sem gera það ekki. Því fer allt of mikill tími, bæði starfsmanna félagsins og stjórnar að fást við þá sem ekki hlíta reglum. Það myndi bæta nýtingu á orku og tíma stjórnar og starfsmanna félagsins ef félagsmenn litu í eigin barm hvort það sé eitthvað sem þeir geta bætt sig við að fara eftir reglunum. Þetta er ekki stór beiðni frá stjórn en myndi vera stórt framlag félagsmanna til bættrar nýtingar á starfskröftum félagsins.

Núna í febrúar var haldin vinnustofa um stefnumörkun félagsins þar sem félagsmönnum gafst tækifæri til að hafa áhrif á stefnu félagsins næstu árin. Byrjað var á því að skilgreina gildi félagsins. Útkomuna má sjá hér að ofan en hún var í takti við skilgreiningu á góðum félagsanda frá vinnustofunni með Áslaugu, þ.e. samvinna, jákvæðni, gleði og framsækni. Þessi vinnustofa tókst vel og það er ljóst að bætt aðstaða á félagssvæðum félagsins og lóðaleigusamningar standa efst í huga þeirra sem sóttu vinnustofuna. Næsta verkefni þeirrar stjórnar sem kjörin verður á þessum fundi að vinna eftir þeirri stefnu sem skilgreind hefur verið af félagsmönnum.

Formaður lauk þessari yfirferð um starfið með því að þakka félagsmönnum samstarfið á árinu og minnti á að það er mikið verk að vinna og Fákur mun halda áfram góðri vinnu með nýrri stjórn.

3. Ársreikningur félagsins

Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir gjaldkeri kynnti reikninga félagsins fyrir árið 2025 og Einar Gíslason framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsáætlun ársins 2026.

Fundarstjóri gaf orðið laust um reikninga félagsins og skýrslu stjórnar.

Enginn kvað sér hljóðs um ársreikning eða skýrslu stjórnar.

Fundarstjóri bar því fjárhagsáætlun og ársreikning undir atkvæði fundarins og var hvoru tveggja samþykkt samhljóða.

4. Lagabreytingar

Gerðar voru breytingar á lögum ÍSÍ á s.l. íþróttaþingi sambandsins og aðildarfélög þess þurfa því að taka þessar breytingar upp. Breytingarnar voru kynntar fyrir fundarmönnum.

- 3. gr. – breytt til samræmis við gr. 5.2.e í lögum ÍSÍ:

  Félagar geta allir orðið, er áhuga hafa á hestum og hestaíþróttum og gangast undir lög og reglur félagsins. Þeir sem óska eftir að gerast félagsmenn skulu sækja um það, t.d. með tölvupósti eða á heimasíðu félagsins eða öðrum sannanlegum hætti. Skráning félagsaðildar tekur gildi þegar viðkomandi hefur verið skráður í félagatal

- 3. gr. – breytt til samræmis við gr. 5.2.f í lögum ÍSÍ:

  öðrum sannanlegum hætti. Skráning félagsaðildar tekur gildi þegar viðkomandi hefur verið skráður í félagatal félags og að sama skapi tekur úrsögn gildi þegar viðkomandi hefur verið skráður úr félagi. Það er á ábyrgð félagsmanns að ganga úr skugga um að skráning/afskráning hafi átt sér stað hjá félaginu. Aðeins einstaklingar geta verið félagsmenn í félaginu. Nýir félagar öðlast öll félagsréttindi með greiðslu árgjalds. Þeir félagar, er náð hafa sjötugsaldri, skulu undanþegnir greiðslu árgjalds. Ævifélagar halda fullum réttindum til æviloka. Félagar bera ekki fjárhagslega ábyrgð vegna skuldbindinga félagsins umfram greiðslu árgjalds.

- 4. gr. – breytt til samræmis við gr. 5.2.e í lögum ÍSÍ:

Stjórn getur áminnt félagsmann eða vísað honum tímabundið eða varanlega úr félaginu gerist hann brotlegur við lög eða reglur félagsins, vinnur gegn hagsmunum þess, sýni af sér óásættanlega hegðun eða sinnir ekki skyldum sínum sem félagsmaður. Ákvörðun um áminningu eða brottvísun skal tekin á stjórnarfundi með meirihluta atkvæða. Þegar um brottvísun er að ræða á félagsmaður rétt á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en ákvörðun er tekin~~Brjóti félagi alvarlega af sér gegn lögum og reglum félagsins eða gegn lögum og reglum ÍSÍ, er stjórn þess heimilt að víkja honum úr félaginu, takmarka þátttöku hans eða útiloka frá félagsstarfi.~~ Brottviknum félaga er heimilt að áfrýja máli sínu til aðalfundar. Ákvörðun um brottvísun umfram 3 mánuði er kæranleg til ÍSÍ

- 7. gr. – breytt til samræmis við gr. 5.7.e í lögum ÍSÍ:

Framboðum til stjórnar, þ. á m. til formanns, skal skila skriflega til skrifstofu félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Kjörgengi miðast við lögræðisaldur og atkvæðisréttur við 16 ára aldur.

- 18. gr. – Ný grein til samræmis við 7. gr. í lögum ÍSÍ:

Félagið ber eftirfarandi skyldur skv. 7. gr. laga ÍSÍ:

a) Að fylgja lögum og reglum ÍSÍ og er skylt að innleiða þær breytingar sem gerðar eru á regluverki ÍSÍ í eigið regluverk, eftir því sem við á. Sé misræmi milli laga félagsins og laga ÍSÍ, ganga lög ÍSÍ framar.
b) Að starfa í samræmi við markmið og stefnur ÍSÍ,
c) Að tryggja að allir sem taka þátt í starfi félagsins eða koma fram fyrir þeirra hönd, þar með talið iðkendur, starfsmenn, sjálfboðaliðar og aðrir fulltrúar, starfi í samræmi við lög, reglur, siðareglur og hegðunarviðmið ÍSÍ og viðeigandi sambandsaðila. Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeir sem starfa á vegum félagsins séu upplýstir um framangreindar reglur og viðmið og þeim sé fylgt í hvívetna.
d) Að viðhafa góða stjórnarhætti.
e) Að hlíta alþjóðalyfjareglum og veita ÍSÍ og Lyfjaeftirliti Íslands fullt samstarf og aðstoð í verkefnum er varða framkvæmd lyfjaeftirlits.
f) Er óheimilt að ráða til starfa einstaklinga sem hlotið hafa refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla, 211. eða 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs, sbr. lög nr. 64/1998.
g) Að afla sakavottorðs frá einstaklingum sem til stendur að ráða innan félagsins og eiga að sinna börnum og ungmennum undir 18. ára aldri.

- 19. gr. – Ný grein til samræmis við 5.7.i gr. í lögum ÍSÍ:

Lög félagsins og breytingar á þeim þarfnast staðfestingar ÍBR og ÍSÍ.

Afgreiðsla lagabreytinga: samþykktar samhljóða.

5. Kosningar

Úr stjórn Fáks gengu:

- Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir
- Sigurður Elmar Birgisson
- Hákon Leifsson
- Steingrímur Skorri Þormóðsson

Framboð til stjórnar voru eftirfarandi:

- Hlíf Sturludóttir til formanns – gefur kost á sér til áframhaldandi starfa
- Árni Reynir Alfreðsson – framboð til ritara
- Arnar Máni Sigurjónsson – framboð til meðstjórnanda til eins árs

- Brynja Kristín Magnúsdóttir – framboð til meðstjórnanda til eins árs
- Eva Kærnested – framboð til meðstjórnanda til tveggja ára
- Ívar Hauksson – framboð til meðstjórnanda til tveggja ára

Stjórnin var sjálfkjörin og engar kosningar fóru fram. Stjórn Fáks er því þannig samsett næsta árið:

- Hlíf Sturludóttir formaður
- Árni Reynir Alfreðsson ritari
- Arnar Máni Sigurjónsson meðstjórnandi
- Brynja Kristín Magnúsdóttir meðstjórnandi
- Eva Kærnested meðstjórnandi
- Ívar Hauksson meðstjórnandi

Framboð til skoðunarmanns reikninga félagins:

- Silja Ósvaldsdóttir – sjálfkjörin við lófaklapp.

6. Ákvörðun árgjalds

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um hækkun árgjalds til félagsins og lagði til hækkun úr 23.000 kr. í 25.000 kr. Ungmenni greiði 10.000 kr.

Gunnlaugur Briem: spyr hvaða aldri ungmenni eru á?

Einar framkvæmdastjóri svarar: 18-21 árs.

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Önnur mál

Sigurbjörn Bárðarson þakkar fráfarandi formanni:

„Sjálfboðaliðastarfið í Fáki blómstrar og ég óska félagsmönnum til hamingu með starfið og góða afkomu félagsins. Ástæða þess að ég er hér er að mig langar að stikla á stóru yfir feril fráfarandi formanns, Hjartar Bergstað. Hann hefur verið lengst af öllum í stjórn Fáks eða í 23 ár og gefið tíma sinn í uppbyggingu félagsins, bæði þegar litið er til svæðisins og líka til mótahaldsins, æskulýðsstarfsins og mannvirkja. Hrein bylting hefur orðið í umhverfi hestamennskunnar síðustu árin og þar hefur Hjörtur og hans samstarfsfólk í stjórn gengið fram af krafti, framsýni, skapað nýtt tengslanet og nýtt samningahæfni til góðra verka. Reiðhöllin var kláruð, mönin við Hvammsvöllinn byggð, félagshesthús sett á laggirnar þar sem boðið er upp á faglega kennslu, aðstoð og fræðslu, kappreiðar haldnar, reiðveganetið þétt og byggt upp, þrjú Landsmót haldin á félagssvæðinu, 100 ára saga félagsins gefin út, samningur við borgina um beit á svæðinu og fleira mætti gott telja. Hjörtur hefur verið forystumaður sem hefur nýtt sér vel gott samstarf við félagsmenn, styrkleika samferðarmanna og hæfileika og hefur tekist að tengja gamla tímann og nýja og hefur sett fram róttækar hugmyndir um samstarf hestamannafélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Hjörtur og fjölskylda hans hafa gefið Fáki mikinn tíma og vinnu fyrir okkur félagsfólk í Fáki. Hjörtur er stór í hugsun og honum eru allir vegir færir og við eigum örugglega eftir að sjá hann halda áfram einhvers staðar í félagsmálum okkar hestamanna. Takk fyrir okkur Hjörtur.“

Hlíf Sturludóttir fékk orðið og svaraði spurningu úr sal um hvað „Fyrirmyndarfélag ÍSÍ“ væri:

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ er vottunarkerfi sambandsins þar sem innri ferlar og góðir stjórnarhættir eru vottaðir. Siðareglur, persónuverndarstefna o.fl. gögnum er skilað inn, og að loknu ferlinu fæst staðfesting á vottuninni. Handbók félagsins með reglum, stefnum, skilgreiningu á hlutverkum o.fl. verður birt á vef félagsins og svo kemur í ljós hvort við náum markmiðinu. Markmið að sækja peninga

til borgarinnar og þar eru gerðar kröfur um þennan strúktúr. Ef það næst, fáum við þetta staðfest á Reykjvíkurmeistaramótinu okkar í byrjun júní.

Gunnlaugur Briem minnir á sameiginlega útreiðartúra:

Gunnlaugur Briem: Er í útreiðarnefnd Fáks með Sirrý Gunnarsdóttur. Settum upp dagskrá með 6 útreiðartúrum. Byrjaði með hvelli rétt fyrir Þorrablót þar sem 30 manns mættu, síðast voru 11 manns. Ég vil hvetja ykkur öll til að mæta á laugardaginn að hitta Harðarmenn í Óskoti og fylgja þeim hingað og gefa þeim trakteringar. Helgina þar á eftir förum við ríðandi í Hlégarðsreið upp í Mosfellsbæ. Síðan ætlum við að taka dagsferð og hellisheiðarvirkju í Marardal, vestan við Hengilinn, 14. maí. 23. Maí ætlum við svo í aðra dagsferð og förum skemmtilegan hring. Útreiðamennska er eitthvað sem við þurfum að halda í og stærstur hluti félagsmanna sinnir alla daga.

Fundarstjóri bað um leyfi fundarins til að ganga frá fundargerð með ritara og voru engin andmæli við því.

Fundi slitið kl. 20:51.

Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir.